

Fimmtudaginn 25. febrúar 1960.

Nr. 2/1959.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvanna-  
félags Keflavíkur og Njarðvíkur**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnu-  
veitendafélags Suðurnesja vegna Karvels Ög-  
mundssonar** (Barði Friðriksson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Vinnulaun við fiskvinnu. Dæmt, að konur, sem köstuðu fiski á bíl, ættu rétt til karlmannskaups.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 10. marz f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkakvannafélags Keflavíkur og Njarðvíkur gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja vegna Karvels Ögmundssonar. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að greiða skuli karlmannakaup samkvæmt 1. mgr. 5. gr. kjarasamnings milli Vinnuveitendafélags Suðurnesja og Verkakvannafélags Keflavíkur og Njarðvíkur, sem í gildi gekk 1. sept. 1955, fyrir að kasta fiski á bíl, þar á meðal vöskudum fiski og óþurrkuðum saltfiski. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að í júlímánuði og hinn 1. ágúst 1958 unnu félagskonur úr Verkakvannafélagi Keflavíkur og Njarðvíkur í fiskvinnu hjá Karvel Ögmundssyni útgerðarmanni í Ytri Njarðvík og voru þær meðal annars látnar kasta vöskudum fiski á bíl. Var hér um að ræða fisk, sem hafði verið vaskaður nokkrum dögum áður, og síðan staðið óhreyfður í stafla, en var nú tekinn beint úr staflanum og kastað á bíl, er flutti hann í þurrkhús. Fyrir þessa vinnu greiddi Karvel konunum almennt verkakvanna kaup.

Trúnaðarmaður stefnanda á vinnustað, Hulda Elíasdóttir, sem var ein þeirra kvenna, sem unnu þessa vinnu, bar þá strax fram mótmæli gegn fjárhæð kaupsins. Taldi hún, að greiða bæri karlmannskaup fyrir þessa vinnu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. áðurnefnds kjarasamnings, en þetta ákvæði hans hljóðar svo:

„Lágmarkskaup fyrir fullgildar verkakonur í almennri dagvinnu skal vera kr. 7.83 pr. klst. Fyrir flökun á bol-fiski, uppskipun og umstöflun á óverkuðum saltfiski, fyrir að kasta fiski á bil, hengja á fiskhjalla, hreistrun, uppþvott, blóðhreinsun og spyrdingu á fiski til herzlu, fyrir að laga ofan á tunnum, áþökkun og allan frágang á saltaðri sild eftir 2. september og til 1. maí, vinnu í frystiklefum, hreingerningar á bátum og húsum og viðurkennda karlmannsvinnu, greiðist með kr. 10.17 pr. klst. Einnig greiðist með karlmannskaupi vinna við að sauma utan um óverkaðan saltfisk“ . . . . .

Á þenna skilning vildi stefndi Karvel ekki fallast og hélt því eindregið fram, að eigi skyldi greiða nema almennt verkakvennakaup fyrir þessa vinnu. Og þegar ekki náðist samkomulag um þenna ágreining, skutu aðiljar málinu til Félagsdóms, svo sem að framan greinir.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að með orðunum „fyrir að kasta fiski á bil“ sé aðeins átt við fisk til skreiðarverkunar og muni orðið „spyrtum“ hafa fallið niður úr málsgreininni, fyrir vangá. Hafi það alls ekki verið ætlunin, að greitt skyldi karlmannskaup fyrir að kasta vöskuðum eða óvöskuðum saltfiski á bíla, enda hafi það aldrei verið gert þau þrjú ár, sem samningurinn hafði gilt, þegar umdeild vinna fór fram. Heldur hann því fram til vara, að stefndi hafi með aðgerðarleysi um svo langan tíma firrt sig rétti til þess að krefjast nú karlmannskaups fyrir vinnu þá, sem um er deilt.

Af hálfu stefnanda er því eindregið mótmælt, að skilja beri umdeilt ákvæði 5. gr. kjarasamningsins með þeirri takmörkun, sem stefndi heldur fram, heldur hafi það frá upphafi átt að gilda eftir orðum sínum skilorðslaust um allan fisk, og verið alla tíð framkvæmt með þeim hætti.

Hafi verkakvinnafélagið hvorki með aðgerðarleysi né á annan hátt á það fallizt, að vinna við að kasta fiski á bil væri greidd með lægra kaupum en greitt væri fyrir karlmannsvinnu, enda hefði það aldrei komið til mála.

Fyrstu kjarasamningar milli aðilja máls þessa munu hafa verið gerðir í ágústmánuði 1953, og var þá strax tekið í 5. gr. þess samnings ákvæði um karlmannskaup fyrir tiltekna vinnu og vinnu, sem venja væri að karlmenn ynnu einir. Á árinu 1954 voru tvívegis gerðar breytingar á þessu ákvæði og fleiri verk talin upp, sem greiða skyldi með karlmannskaupi. Ákvæði það, sem um er deilt í máli þessu, kom inn í samninga aðilja við samningsgerð 11. marz 1955, en áður stóð í samningnum: „Ennfremur fyrir að kasta spyrstum fiski á bíla og hengja í þurrkhjalla.“ Aðiljum ber ekki saman um það, hvort þetta ákvæði hafi verið rætt við samningsgerðina 11. marz 1955, og verður ekki byggt á skýrslum þeirra um það, en fram er komið, að fulltrúar þeirra vinnuveitenda, er að samningnum stóðu, hafi séð um vélritun á eintaki því, sem undirskrifað var, með því orðalagi, sem svo var látið standa óbreytt, að því er varðar þau orð, er um er deilt í þessu máli, þegar samningar voru gerðir á ný sumarið 1955, þ. e. þeir sem í gildi gengu 1. sept. 1955.

Af hálfu stefnda hefur ekki gegn mótmælum stefnanda verið sýnt fram á, að tíðkæzt hafi, að greiða vinnu þá, er varð tilefni þessa máls, með almennu kvinnakaupi og verður eigi á það fallizt, að stefnandi hafi með aðgerðarleysi firrt sig rétti til þess að krefjast herra kaups félagskonum sínum til handa. Og þar sem orðalag 1. mgr. 5. gr. framangreinds samnings, sem gildi tók 1. september 1955, er alveg skýlaust, telur dómurinn að taka beri til greina þá kröfu, að stefnda sé skylt að greiða konum þeim, er að því unnu daga þá í júlí og ágúst 1958, sem á dómskj. 3 greinir, að kasta vöskuðum fiski á bil hjá stefnda Karvel Ögmundssyni, karlmannskaup fyrir þá vinnu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. nefnds samnings.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað niður falla.

**Dómsorð:**

Stefnda, Karvel Ögmundssyni, er skylt að greiða með karlmannskaupi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. framangreinds kjarasamnings fyrir vinnu þá, að kasta vöskuðum fiski á bil, sem konur unnu hjá honum áðurgreinda daga í júlí og ágúst 1958.

Málskostnaður fellur niður.

---

Mánudaginn 4. apríl 1960.

Nr. 5/1959. **Farmanna og fiskimannasamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Véltjórar. Dæmt um það, hvort véltjórar eigi rétt til ýmis-  
konar aukagreiðslna, sem starfi þeirra fylgir, ef þeir eru  
frá vinnu vegna veikinda.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags.  
18. júní f. á. af Farmanna og fiskimannasambandi Íslands  
f. h. Vélstjórafélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi  
Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar: ...

Að dæmt verði, að taki véltjórar og aðstoðarvéltjórar  
laun í veikindaforföllum samkvæmt a-lið 2. gr. kaup- og  
kjarasamnings aðilja frá 1. ágúst 1957, skuli þeim auk mán-  
aðarkaups samkvæmt a-d-lið 1. gr. samningsins greitt eftir-  
talið kaup: